



## Kosningalög skuggakosninga 2018

*Kosning til sveitarstjórna og um lækkun kosningaaldurs*

### I. kafli. Kosningarréttur.

■ 1. gr. Kosningarrétt hafa allir skráðir nemendur í framhaldsskóla (dagskóla) sem fæddir eru 30. maí 1996 og síðar (þeir sem ekki höfðu náð kosningaaldri í sveitarstjórnarskosningunum 31. maí 2014).

### II. kafli. Sveitarfélög.

■ 2. gr. Nemendur kjósa í því sveitarfélagi sem skólinn þeirra er staðsettur í:

1. Akraneskaupstaður  
*Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi*
2. Akureyrarkaupstaður  
*Verkmenntaskólinn á Akureyri*
3. Bláskógabyggð  
*Menntaskólinn að Laugarvatni*
4. Borgarbyggð  
*Menntaskóli Borgarfjarðar*
5. Fljótshálsa  
*Menntaskólinn á Egilsstöðum*
6. Fjallabyggð  
*Menntaskólinn á Tröllaskaga*
7. Garðabær  
*Fjölbrautaskólinn í Garðabæ*
8. Hafnarfjarðarkaupstaður  
*Flensborgarskólinn í Hafnarfirði*  
*Tækniskólinn í Hafnarfirði*
9. Ísafjarðarbær  
*Menntaskólinn á Ísafirði*
10. Kópavogsbær  
*Menntaskólinn í Kópavogi*

11. Reykjavík

*Borgarholtsskóli*

*Fjölbrautaskólinn við Ármúla*

*Fjölbrautaskólinn í Breiðholti*

*Menntaskólinn við Hamrahlíð*

*Menntaskólinn í Reykjavík*

*Menntaskólinn við Sund*

*Kvennaskólinn í Reykjavík*

*Tækniskólinn*

*Verzlunarskóli Íslands*

12. Sveitarfélagið Hornafjörður

*Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu*

13. Vestmannaeyjabær

*Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

14. Þingeyjarsveit

*Framhaldsskólinn á Laugum*

### III. kafli. Kjörstjórnir.

■ 3. gr. Kjörstjórnir við skuggakosningar skulu vera tvennskonar:

- A. Landskjörstjórn samanstendur af fimm fulltrúum. Stjórn Landssambands ungmennafélaga skipar tvo, stjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema tvo og einn skipar Ungmennaráð Íslands.
- B. Kjörstjórn skal skipuð í hverjum skóla. Í henni skulu vera sex (fjórir aðalmenn og tveir til vara) nemendur og einn kennari sem skipaður er af skólastjórnendum. Í kjörstjórn sitja lýðræðislega kjörnir fulltrúar nemenda (svo sem úr nemendafélagi eða því félagi sem við á í hverjum skóla) eða nemendahópur skipaður af skólastjórnendum. Verði þeir sem gefa á sér kost ekki sjálfkjörnir fer fram leynileg atkvæðagreiðsla. Yfirkjörstjórn kýs sér oddvita og skal vera fullskipuð eigi síðar en 6. apríl. Heimilt er að skipta um kjörstjórnarmenn eins oft og þurfa þykir yfir kjördaginn. Skulu þeir varamenn sem fyrst gefa kost á sér fá sæti í kjörstjórnnum í forföllum aðalmanna til að tryggja fullmannaða kjörstjórn allan kjörfundinn. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

#### **IV. kafli. Kjördagur.**

■ 4. gr. Kjörstjórn hvers skóla skal auglýsa hvar og hvenær skuggakosningar fara fram eigi síðar en 9. apríl 2018.

■ 5. gr. Kjördagur skal vera fimmtudagurinn 12. apríl.

#### **V. kafli. Kjörskrár.**

■ 6. gr. Þegar boðað hefur verið til skuggakosninga skulu skólastjórnendur eða starfsmenn þeirra senda landskjörstjórn upplýsingar um fjölda nemenda á kjörskrá í samræmi við 1. gr. þessara laga. Þá skal útbúa nemendalista með nöfnum og kennitölum og afhenda kjörstjórn á rafrænu formi þegar hún hefur verið skipuð. Skal kjörstjórn útbúa kjörskrár á grundvelli nemendalistanna.

■ 7. gr. Óheimilt er að breyta kjörskrá. Kjörstjórn er þó heimilt að yfirfara kjörskrá til að tryggja að hún sé samkvæmt lögum. Kjörstjórn skal tilkynna landskjörstjórn um leiðréttingar á fjölda á kjörskrá í þeim tilvikum.

#### **VI. kafli. Kjörgögn**

■ 8. gr. Landskjörstjórn útbýr rafræn kjörgögn fyrir skuggakosningar sem hver kjörstjórn nálgast á egkys.is og prentar út. Þau gögn eru:

1. Kosningalög skuggakosninga 2018;
2. Handbók um framkvæmd skuggakosninga 2018;
3. Kjörbók;
4. Kosningaleiðbeiningar.

■ 9. gr. Landskjörstjórn útbýr kjörgögn og kemur þeim til kjörstjórna hvers skóla. Sending kjörgagna inniheldur:

1. Kjörseðla: Landskjörstjórn skal varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér og fullgerir ekki fleiri seðla en sendir eru á kjörstjórnir. Hver skóli fær flokkaða kjörseðla eftir fjölda kjósenda á kjörskrá. Á kjörseðlunum eru aðeins þau framboð sem hafa staðfest þátttöku í sveitarstjórnarkosningum fyrir þann dag sem kjörseðlar fara í prentun;
2. Umslög: Hverri kjörstjórn skal fengin tvö umslög merkt viðeigandi skóla. Skal annað vera merkt „Ónýtir seðlar“ og hitt „Afgangsseðlar“;

3. Kjörkassa merktum skólanum;
4. Framboðslista þar sem fram koma heiti framboða í sömu röð og á kjörseðli;
5. Blýanta;
6. Yddara;
7. Innsigli;
8. Poka fyrir umslög.

## **VII. kafli. Kjörstaðir.**

- 10. gr. Hver skóli er ein kjördeild og skal kjörstaður vera valinn af kjörstjórn.
- 11. gr. Á kjörstað skal festa upp framboðslista og kosningaleiðbeiningar.
- 12. gr. Útbúa skal rými þar sem hæfilega margir kjósendur geta greitt atkvæði leynilega. Rýmið skal hafa borð sem skrifa má við og vera þannig að aðrir geti ekki séð hvað kjósandi kýs.
- 13. gr. Kjörkassinn skal vera í auglýsingu kjörstjórnar og staðsettur þannig að kjósendur geti auðveldlega gengið að honum og yfirgefið kjördeild.

## **VIII. kafli. Opnun kjörstaða.**

- 14. gr. Kjörstjórn gætir þess að öll gögn séu til taks og að handbók um framkvæmd skuggakosninga sé framfylgt í undirbúningi atkvæðagreiðslu.
- 15. gr. Kjörstjórn skal gæta þess að atkvæðakassar séu tómir áður en atkvæðagreiðsla hefst.

## **IX. kafli. Atkvæðagreiðsla.**

- 16. gr. Kjörfundur skal hefjast á kjörstað kl. 09:00 en kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Kjörstjórn skal fullskipuð þegar kjörfundur hefst, sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti.
- 17. gr. Meðan á kjörfundi stendur skal kjörstjórn sitja við borð á kjörstað.

■ 18. gr. Tveir kjörstjórnarfulltrúar skulu hafa hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir merkja við nafn hvers kjósanda eftir að oddviti hefur tekið við skilríkjum. Oddviti afhendir kjörseðil og merkir við prikblað.

■ 19. gr. Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

■ 20. gr. Kjörstjórn getur ákveðið að ekki séu aðrir í kjördeildinni en kjörstjórnendur og kjósendur sem ætla að greiða atkvæði.

■ 21. gr. Kjörstjórn skal sjá til þess að á kjörstað, í skólanum sem og utan hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar kosningu.

■ 22. gr. Kjósandi skal framvísa persónuskilríkjum eða gera grein fyrir sér á annan hátt. Ef kjósandi er á kjörskrá skal afhenta honum kjörseðil.

■ 23. gr. Einungis þeim sem eru á kjörskrá má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði. Hver kjósandi má aðeins greiða atkvæði einu sinni.

■ 24. gr. Þegar kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer hann þangað sem hann getur kosið leynilega og við borð. Á borðinu skulu vera ekki færri en þrjú yddaðir blýantar með strokleðri.

■ 25. gr. Kjósandi greiðir atkvæði með því að merkja með blýanti, krossa í ferninga fyrir framan:

1. Bókstaf/nafn þess framboðs á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.
2. Einn valmöguleika fyrir neðan spurningu um kosningaaldur.

Kjósandi gætir þess að gera engin önnur merki á kjörseðilinn.

■ 26. gr. Þegar kjósandi hefur kosið skal hann brjóta saman kjörseðilinn með þeim hætti að prentaða hliðin snúi inn. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði. Þá gengur kjósandinn að kjörkassanum og leggur seðilinn í kjörkassann í viðurvist kjörstjórnar.

■ 27. gr.

Ef kjósandi gerir kjörstjórn grein fyrir að hann geti ekki kosið vegna sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal fulltrúi kjörstjórnar veita kjósanda aðstoð við að

greiða atkvæði. Sá sem aðstoðina veitir er bundinn þagnarheiti. Um aðstoðina skal skrá í kjörbók að tilgreindum ástæðum samkvæmt handbók um framkvæmd skuggakosninga. Aðstoð skal aðeins veita geti kjósandi sjálfur skýrt ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Óski kjósandi af einhverjum ástæðum eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði er kjörstjórn heimilt að verða við ósk kjósandans geti hann sjálfur tjáð vilja sinn óþvingað. Geti kjósandi ekki tjáð vilja sinn skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann, með leyfi kennara.

■ 28. gr. Láti kjósandi sjá hvað hann hefur kosið er seðillinn ónýtur og er ekki heimilt að setja hann í kjörkassann. Ef slíkt gerist eða ef kjósandi hefur meðhöndlað seðilinn á þann hátt að líklegt er að hann verði ógildur á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni ónýta seðilinn í skiptum fyrir nýjan.

■ 29. gr. Þegar kjósandi hefur látið seðilinn í kjörkassann viku hann af kjörstað.

■ 30. gr. Kjörstjórnnum er heimilt að slíta atkvæðagreiðslu ef allir sem á kjörskrá hafa greitt atkvæði. Í lok atkvæðagreiðslu skal oddviti kjörstjórnar ljúka við að fylla út kjörbók og ganga frá kjördeildinni samkvæmt handbók um framkvæmd skuggakosninga.

■ 31. gr. Kjörfundi skal slíta kl. 16:00 en eigi síðar en kl. 17:00 ef kjörstjórn metur kjörsókn þannig. Þeir kjósendur sem gáfu sig fram fyrir þann tíma, eiga rétt á að greiða atkvæði eftir kl. 17:00 þar til að röðin klárast.

■ 32. gr. Þegar kjörfundi er slitið skal oddviti kjörstjórnar ganga frá í sérmerkt umslag öllum þeim seðlum sem ónýtir eru og í annað umslag öllum þeim seðlum sem afgangsbú eru og ónotaðir.

■ 33. gr. Oddviti lýkur við að fylla út kjörbók, setur hana í kjörkassann og umslögin með ónotuðum og ógildum kjörseðlum í pokann. Því næst setur oddviti innsigli yfir kjörseðlaraufina á kjörkassanum. Þannig skal ekki vera hægt að bæta við kjörseðlum eða nálgast kjörgögnum án þess að fjarlægja innsiglið.

■ 34. gr. Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum skal hafa eftirlit með þeim og tryggja frá óviðkomandi aðilum.

■ 35. gr. Oddviti ber ábyrgð á að öllum kjörgögnum verði komið til landskjörstjórnar svo fljótt sem auðið er.

## **X kafli. Kosningaúrlit.**

■ 36.gr. Landskjörstjórn skipar talningarteymi og skulu fulltrúar þess koma úr stjórnun Sambands Íslenskra framhaldsskólanema og Landssambandi ungmennafélaga. Skal landskjörstjórn með nægum fyrirvara auglýsa stund og stað þá er hún komi saman til atkvæðatalningar.

■ 37.gr. Landskjörstjórn opnar kjörgögnin eftir að öllum viðstöddum hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að ekki hafi verið reynt að fjarlægja innsiglin. Landskjörstjórn skal kanna hvort tala kjósenda, sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjörbókum kjörstjórna, sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir kjörstjórna. Þegar hver kjörkassi í hverju sveitarfélagi er opnaður skal kjörseðlunum hellt óskoðuðum í tómt ílát og þeim blandað saman.

■ 38.gr. Kjörseðlar skulu teknir úr ílátinu, flokkaðir eftir þeim framboðum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn landskjörstjórnar.

■ 39.gr. Atkvæðin skulu skipt eftir sveitarfélögum, flokkuð eftir framboðum og talin.

■ 40. gr. Atkvæði skal meta ógilt:

- A. ef kjörseðill er auður,
- B. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt,
- C. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn,
- D. ef áletrun er á kjörseðli er fram yfir það sem fyrir er mælt eða ef seðillinn er auðkennanlegur,
- E. ef kjörseðill kemur ekki frá landskjörstjórn.

■ 41. gr. Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema einn eða fleiri stafliðir 42. gr. eigi augljóslega við. Atkvæði skal gilt þó kross sé ekki réttur eða merktur t.d. utan fernings.

■ 42. gr. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils kýs landskjörstjórn um ágreiningsseðla eftir talningu hvers sveitarfélags. Fjöldi ógildra seðla og ástæður fyrir þeim skal skráð í kjörbók landskjörstjórnar.

■ 43. gr. Talin atkvæði fyrir hvert framboð í hverju sveitarfélagi skulu reiknuð í prósentum. Fara skal eftir kafla XI. í lögum um kosningar til sveitarstjórna til að reikna niðurstöðurnar, sem skulu skráðar jafnóðum í kjörbók landskjörstjórnar.

■ 44. gr. Skal þess gætt að samanlögð tala atkvæða passi við fjölda greiddra atkvæða í hverju sveitarfélagi, samkvæmt kjörbókum kjörstjórna.

■ 45. gr. Niðurstöðu skuggakosninga skal ekki tilkynna fyrr en öllum kjörstöðum til sveitarstjórna hefur verið lokað þann 26. maí 2018.

■ 46. gr. Landskjörstjórn skal geyma öll kjörgögn eins lengi og þurfa þykir, tryggja frá óviðkomandi aðilum og síðar eyða þeim.

## **XI. kafli. Breytingar á lögum þessum og gildistaka.**

■ 47. gr. Lög þessi skal endurskoða fyrir hverjar skuggakosningar og breyta eftir samræmi þeirra hverju sinni.

■ 48. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt af stjórnun Landssamband ungmennafélaga og Sambands íslenskra framhaldsskólanema í mars 2018.*